

Erindisbrjef

handa ráðskonu geðveikrahælisins á Kleppi.

1. gr.

Hún tekur við öllum vistum þeim, er geðveikralæknirinn kaupir handa hælinu, vegur þær eða mælir og lætur honum í tje viðtökuskírteini fyrir.

2. gr.

Hún gerir dag hvern mat handa hinum geðveiku mönnum og starfsmönnum hælisins eftir matskrá þeirri, er hún fær frá geðveikralækninum, svo og sjúkramat eftir því sem læknir ákveður; henni ber að hafa matinn algerðan, útveginn eða mældan á hinum tilteknu matmálstímum.

3. gr.

Hún sjer um að eldhús, búr eða önnur matgeymsluherbergi sjeu jafnan þrifaleg.

4. gr.

Hún skal gæta alls sparnaðar að því er mat og matvæli snertir; allar matleifar skal hún geyma á tilteknum stað, og ekki má hún fleygja eða farga neinu matarkyns öðru vísi en með leyfi geðveikralæknisins.

Nú skemmast matvæli fyrir handvömm hennar eða eftirlitsleysi, og skal hún þá bæta að fullu.

5. gr.

Hún má ekki fara af heimilinu án vitundar geðveikralæknisins.

6. gr.

Hún gerir tillögur um ráðning eldastúlkna hælisins.

7. gr.

Henni ber að setta sig við breytingar, sem gerðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

8. gr.

Yfirstjórn hælisins ræður ráðskonuna eftir tillögum geðveikralæknisins, og getur vikið henni frá með 6 mánaða fyrirvara. Hún getur og sagt af sjer starfi sínu með sama fyrirvara.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.